



Reykjavík, 8. júní 2021
2020110003

Menningar-, íþróttar- og tómstundaráð

Borgartúni 14
105 REYKJAVÍK

Samningur við Fjölni

Núverandi samningur við Fjölni vegna reksturs mannvirkja við Dalhús og starfsemi félagsins í Grafarvogi rann út 31. desember 2020.

Á fundi menningar-, íþróttar- og tómstundaráðs 23. nóv. 2020 var samþykkt að framlengja samninginn til 31. maí 2021.

Hjálagt fylgja drög að nýjum samningi milli ÍTR og Fjölnis vegna reksturs mannvirkja.



Omar Einarsson.

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík, og Ungmennafélagið Fjölur, kt. 631288-7589, Fossaleyni 1, 112 Reykjavík, (hér eftir nefnt Fjölur) gera með sér svohljóðandi

Samningur:

1. gr.

Markmið og starfssvæði

- 1.1. Meginmarkmið aðila samningsins er að tryggja eðlilega og nauðsynlega þjónustu við iðkendur íþróttar í Grafarvogi og nágrenni.
- 1.2. Fjölur er þjónustuaðili og hverfisfélag fyrir íþróttastarfsemi í Grafarvogi.
- 1.3. Í samningi þessum er kveðið á um skyldur Fjölnis og Reykjavíkurborgar.

2. gr.

Starfsemi Fjölnis og aðstaða

- 2.1. Fjölur er fjölgreinafélag og fer meginstarfsemi þess á samningstímanum fram í íþróttamiðstöðinni við Dalhús og íþróttar- og skrifstofuaðstöðu í Egilshöll við Fossaleyni. Auk þess mun Fjölur einnig nýta aðstöðu í öðrum mannvirkjum samkvæmt úthlutun Íþróttabandalags Reykjavíkur (hér eftir ÍBR) hverju sinni.
- 2.2. Við eflingu starfsemi Fjölnis á samningstímanum, verða teknar upp viðræður milli samningsaðila um frekari nýtingu núverandi aðstöðu og/eða nýtingu á öðrum íþróttamannvirkjum og uppbyggingu á aðstöðu fyrir íþróttir á svæði félagsins, svo sem í Egilshöll og við Dalhús. Einnig verði nákvæmari hverfamörk fyrir starfsemi félagsins skilgreind, vegna stækkunar eldri hverfa og þróunar nýrra hverfa í nágrenni Grafarvogs.
- 2.3. Íþróttamannvirki á starfssvæði Fjölnis verða ekki nýtt til almennrar íþróttastarfsemi á vegum annarra, nema í samvinnu og samráði við Fjölni, ÍBR og ÍTR.

3. gr.

Íþróttamiðstöðin við Dalhús

- 3.1. Fjölur sér um rekstur íþróttahússins við Dalhús samkvæmt nánari ákvæðum samnings þessa. Sérstakur samningur er á milli ÍTR og Fjölnis um varamál við Dalhús.
- 3.2. Skipuð verður þriggja manna rekstrarstjórn um rekstur íþróttahússins og skipar Fjölur tvo fulltrúa, þar á meðal formann, og sviðsstjóri íþróttar- og tómstundasviðs Reykjavíkur (hér eftir ÍTR) skipar einn fulltrúa. Fjölur skal gera árshlutauppgjör og ársuppgjör og leggja fyrir rekstrarstjórn.
- 3.3. Reksturinn verður alfarið á vegum Fjölnis og ber félagið þar með alla ábyrgð á almennum kostnaði við rekstur hússins. Fjölur greiðir rekstrarkostnað vegna íþróttahússins við Dalhús, þar með talið laun starfsmanna og kostnað vegna ræstingar. Fjölur skal kaupa ábyrgðartryggingu vegna starfsmanna íþróttamannvirkjanna og ber ábyrgð á því skaðabótaskylda tjóni sem gestir kunna að verða fyrir og rekja má til vanrækslu á viðhaldi, sem er á ábyrgð félagsins, eða umsjón félagsins á mannvirkjunum.
- 3.4. Reykjavíkurborg greiðir kostnað við rafmagn, hita og heitt vatn og kostnað við meiriháttar viðhald íþróttamannvirkjanna í samræmi við það sem kemur fram í úttekt umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar, sbr. greinar 3.5.-3.6.

- 3.5. Við upphaf samningstímans skal umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar (hér eftir nefnt USK) gera úttekt á ástandi mannvirkja við Dalhús með tilliti til viðhalds og ástands búnaðar.
- 3.6. Fjölur skuldbindur sig til að halda við mannvirkjum við Dalhús og annast allt viðhald og lagfæringar, sem ekki telst til meiriháttar viðhalds skv. úttekt USK, sem nauðsynlegar verða á samningstímanum. Meiriháttar viðhald mannvirkjanna er á ábyrgð USK. Rísi vafi um hvort telja skuli tiltekna viðhaldsframkvæmd meiriháttar eða ekki skal við mat á því höfð hliðsjón af ákvæðum IV. kafla húsaleigulaga nr. 36/1994.
- 3.7. Inngangur í íþróttahús er um tengigang milli sundlaugar og íþróttahúss og einnig að keppnisvelli félagsins vestan íþróttamiðstöðvar.
- 3.8. Í íþróttamiðstöðinni við Dalhús munu á samningstímanum fara fram æfingar og keppnir á vegum Fjölnis í knattspyrnu, handknattleik, körfuknattleik og sundi. Þar verður einnig aðstaða félagsins fyrir samkomur og fundi. Sjá nánar grein 5.1.
- 3.9. Fjölur er heimilt að leigja út íþrótt- og samkomusali auk valla í og við íþróttamiðstöðina og renna tekjur af slíkri útleigu til Fjölnis. Reykjavíkurborg eru heimil endurgjaldslaus afnot af samkomusal á samningstímanum fyrir fundi og ráðstefnur, í samráði við framkvæmdastjóra Fjölnis.

4. gr.

Aðstaða í Egilshöll

- 4.1. Reykjavíkurborg greiðir fyrir húsaleigu og þjónustu í Egilshöll samkvæmt sérstökum samningi þar um dags. 19. maí 2010 milli Reykjavíkurborgar og Knattspyrnu ehf. og síðari viðaukum.
- 4.2. Fjölur er með aðstöðu í Egilshöll fyrir íþróttastarf, skrifstofu, funda- og félagsstarf samkvæmt sérstöku samkomulagi við ÍTR og rekstraraðila Egilshallar.
- 4.3. Þrif og önnur þjónusta á allri aðstöðu Fjölnis í Egilshöll er á hendi rekstraraðila Egilshallar.
- 4.4. Fjölur hefur heimild til veitingasölu í kringum æfingar og keppnir í aðstöðu félagsins í Egilshöll.
- 4.5. Nafnið Fjölnishöll verður notað fyrir fjölnota íþróttahús við Egilshöll, eins og rekstraraðili mannvirkis hefur samþykkt. Nafnið Fjölnishöllirinn verður notað fyrir íþróttaaðstöðu í austurenda Egilshallar.
- 4.6. Í íþróttaaðstöðu í Egilshöll munu á samningstímanum fara fram æfingar og keppnir á vegum Fjölnis í knattspyrnu, handknattleik, körfuknattleik, fimleikum, karate, íshökkí, listskautum, frjálsum íþróttum, blaki, íþróttum eldri borgara og rafíþróttum.. Sjá nánar grein 5.2.
- 4.7. Fjölur er heimilt að leigja út íþrótt- og samkomusali auk valla í og við Egilshöll í samráði við rekstraraðila húsnæðisins og renna tekjur af slíkri útleigu til Fjölnis. Reykjavíkurborg eru heimil endurgjaldslaus afnot af félagsaðstöðu á samningstímanum fyrir fundi og ráðstefnur, í samráði við framkvæmdastjóra Fjölnis.

5. gr.

Íþróttaaðstaða Fjölnis og nýting

5.1. Íþróttamiðstöðin við Dalhús:

Knattspyrnuleikvangur við Dalhús auk tveggja æfingasvæða neðar í dalnum verða nýtt til æfinga og keppni í knattspyrnu.

Æfingar og keppni í handknattleik, körfuknattleik og blaki fara fram í íþróttahúsi.

Æfingar í sundi fara fram í Grafarvogslaug og öðrum laugum eftir þörfum, en gert er ráð fyrir að afreksfólk nýti jafnframt æfinga- og keppnisaðstöðu í Laugardalslaug.

5.2. **Íþróttaaðstaða í Egilshöll við Fossaleyni:**

Æfingar og keppni í knattspyrnu fara fram í knattspyrnuhúsi í Egilshöll en auk þess á gervigrasvelli og æfingavöllum utan við Egilshöll.

Æfingar og keppni í blaki, handknattleik og körfuknattleik fara fram í Fjölnishöll Dalhúsum.

Æfingar og keppni í fimleikum fara fram í fimleikahöll í Egilshöll.

Æfingar og keppni í íshokki og á listskautum fara fram á skautasvelli á 2. hæð Egilshallar.

Æfingar og keppni í frjálsum íþróttum fara fram í Fjölnishellinum og í knattspyrnuhúsi.

Æfingar og keppni í karate verða í íþróttasal í kjallara Egilshallar.

Aðstaða er einnig í Egilshöll fyrir fleiri greinar s.s. íþróttir eldri borgara og raíþróttir.

Auk þess hefur Fjölirnir afnot af salernis-, búnings- og félagsaðstöðu á 3. hæð Egilshallar sem og búningaðstöðu í kjallara Egilshallar og í Fjölnishöll.

- 5.3. Æfingar á vegum félagsins munu einnig fara fram í öðrum mannvirkjum samkvæmt úthlutun ÍBR, s.s. í íþróttasölum við grunnskóla í Grafarvogi, Laugardalslaug, frjálsíþróttahöll í Laugardal, Tennishöllinni í Kópavogi og öðrum mannvirkjum eftir nánara samkomulagi við ÍTR og ÍBR.

- 5.4. Fjölni er á samningstímanum heimilt að nefna þá aðstöðu sem félagið hefur til afnota t.d. í tengslum við samninga við styrktaraðila og nota þá nafngift opinberlega á meðan samningstíma stendur. Skal slíkt gert í samkomulagi milli samningsaðila sem og rekstaraðila húsnæðis þegar við á.

- 5.5. Samráð verður milli starfsmanna á skrifstofum Fjölnis og og ÍBR um niðurröðun leikja, móta og æfinga í þeirri aðstöðu sem Fjölirnir hefur til afnota.

- 5.6. Fjölirnir mun fara eftir reglum ÍBR og ÍTR um húsaleigu- og æfingastyrki.

6. gr.

Framlag Reykjavíkurborgar

- 6.1. Á gildistíma samningsins skal framlag Reykjavíkurborgar til reksturs íþróttahússins við Dalhús vegna íþróttæfinga, íþróttamóta og vegna íþróttakennslu skóla vera 16.177.779.- á ári, miðað við fjárhagsáætlun 2021 með fyrirvara um að gert sé ráð fyrir henni í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar. Þessi fjárhæð skal endurskoðuð í samræmi við fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar ár hvert. Greiðslur greiðast mánaðarlega með jöfnum greiðslum. Auk þess greiðir Reykjavíkurborg kostnað við rekstur og meiriháttar viðhald á íþróttamannvirkjum við Dalhús sbr. grein 3.4.
- 6.2. Enn fremur greiðir Reykjavíkurborg fyrir húsaleigu og þjónustu í Egilshöll, sjá grein 4.1 sem og fyrir aðra aðstöðu sem Fjölirnir nýtir skv. samkvæmt samkomulagi við ÍTR/ÍBR, sjá grein 5.3.
- 6.3. ÍBR greiðir Fjölni vegna þjónustu og starfsfólks.
- 6.4. Fjárhæðir greiðslana samkvæmt samningi þessum taka ár hvert breytingum í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs/launavísitala?

7. gr.

Aðilar eru sammála um að leita eftir því við Knattspyrnufélagið Fram (hér eftir nefnt Fram) og ÍBR að settur verði á fót sérstakur hópur, skipaður fulltrúum Fjölnis, Fram, ÍTR og ÍBR, sem geri tillögu til Reykjavíkurborgar að framtíðarsýn fyrir öflugt og fjölbreytt starf með börnum og unglingum í Grafarvogi, Grafarholti og Úlfarsárdal. Jafnframt kanni hópurinn möguleika á auknu samstarfi við skipulagningu íþróttastarfs og samnýtingu íþróttamannvirkja í hverfunum.

8 gr.

Framtíðaruppbygging á starfssvæði Fjölnis

- 8.1. Fjölnir, ÍTR og ÍBR munu sameiginlega á samningstímanum vinna að sérstöku átaki til að fjölga iðkendum í íþróttum á öllum aldri á starfssvæði félagsins.
- 8.2. Í áætlunum Reykjavíkurborgar er gert ráð fyrir fjölgun íbúa á starfssvæði Fjölnis og skal taka tillit til þessara áætlana þegar fjallað er um aðstöðu og tímamál á samningstímanum.
- 8.3. Á samningstímanum verður áfram unnið að samvinnu Fjölnis og Borgarholtsskóla um nýtingu aðstöðu ásamt frekari þróun á samstarfi þessara aðila.
- 8.4. Samningsaðilar munu sameiginlega leita leiða til að auka samstarf Fjölnis við rekstraraðila Egilshallar um daglegan rekstur íþróttamannvirkja í og við Egilshöll og endurbætur á aðstöðu.
- 8.5. Á samningstímanum munu samningsaðilar skoða sérstaklega hvernig hægt er að styrkja og bæta samfellu í starfi félagsins, skóla og frístundaheimila.
- 8.6. Borgin og Fjölnir munu í samstarfi vinna að útfærslu á framtíðarþróun íþróttasvæðis Fjölnis við Dalhús en hú tekur mið að því hvar aðalkeppnisleikvangur félagsins í knattspyrnu verður.
- 8.7. Fjölnir og borgin muni í samvinnu við Reginn skoða möguleika á að bæta aðstöðu félagsins í og við Egilshöll, m.a. vegna skauta, karate, knattspyrnu og félagsaðstöðu.

9. gr.

Heimild til endurskoðunar samnings

- 9.1. Verði veruleg breyting á æfingum á vegum Fjölnis og rekstrarumhverfi íþróttamannvirkja hjá ÍTR og íþróttafélögum frá því sem er við undirritun samnings þessa, er samningsaðilum heimilt að óska eftir endurskoðun á greiðslum vegna reksturs íþróttasala, svo sem vegna breytinga á kjarasamningum og orkukostnaði, og skal ósk um slíkt beint til ÍTR.

10. gr.

Gildistími samnings

- 10.1. Samningur þessi gildir frá og með 1. janúar 2021 til og með 31. desember 2023. Samningur er samtals fimm (5) númeraðar blaðsíður og gerður í tveimur samhljóða eintökum, einu fyrir hvorn aðila.
- 10.2. Með samningi þessum fellur úr gildi samningur á milli samningsaðila dags. 6. mars 2014.
- 10.3. Aðilar eru sammála um að einu ári áður en samningur þessi rennur út skuli teknar upp viðræður um hvort endurnýja beri samninginn og skal ákvörðun liggja fyrir eigi síðar en 1. júlí 2023.

11. gr.

Annað

- 11.1. Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.